

Frumvarp til laga

um

ógilding viðskiftabréfa og annara skjala með dómi.

(Lagt fyrir Alþingi 1915).

1. gr.

Heimilt er að dæma skuldabréf og önnur viðskiftabréf svo og viðtökuskirteini, váttryggingarskirteini og önnur heimildarbréf ógild eftir þeim reglum, sem hjer fara á eftir. Nú er ógildingardómur kveðinn upp um slíkt bréf, og er bréfið þá marklaust, en dómhafi hefur lögheimild til þess að ráðstafa því, sem það hljóðaði um, eins og hann hefði bréfið í höndum.

2. gr.

Ef um skuldabréf með veði í fasteign er að ræða, þá skal stefna til ógildingardóms í þeirri þinghá, sem fasteignin er, en ef um önnur skjöl ræðir, þá í þeirri þinghá, þar sem skjalið er gefið út. Nú verður þessu ákvæði ekki komið við, t. d. af því, að skjalið er gert utanlands, en má þó sæta ógildingu hjer á landi, þá skal stefnt til bæjarþings Reykjavíkur. Ef um þau bréf er að ræða, sem veð er fyrir í skipi eða skipshluta, skal stefnt til dóms í þeirri þinghá, þar sem skipið er skrásett. Ef um farmskirteini ræðir, þá skal stefna til dóms í þeirri þinghá, þar sem afhenda skyldi vörurnar.

3. gr.

Sá, sem æskir ógildingar, skal senda dómi þeim, sem málið á undir samkvæmt 2. gr., skriflega beiðni um innköllun þess eða þeirra, sem hafa kynnu skjalið í höndum, eða gera kynnu lagatilkall til þess.

4. gr.

Innköllumarbeiðni skulu fylgja upplýsingar, er gera það sennilegt, að beiðandi eigi rjett á að fá skjalið ógilt, sjerstaklega um það, á hvern hátt það er honum horfið. Auk þess skal auðkenna skjalið svo skýrt, að ekki verði um vilst.

5. gr.

Dómurinn ákveður þvinæst, hvort gefa megi út opinbera stefnu, með úrskurði, sem kveðinn skal upp á dómþingi, sem ógildingarbeiðandi er kvaddur til. Dóminum er heimilt að krefja ógildingarbeiðanda frekari skriflegra eða munnlegra upplýsinga, áður en úrskurður þessi er kveðinn upp. Nú lætur beiðandi hjá líða að gegna slíkri kröfu dómsins, eða upplýsingar hans verða taldar ófullnægjandi, og má dómurinn þá neita um stefnuna.

6. gr.

Ef dómurinn leyfir opinbera stefnu, skal hann gefa hana út í samræmi við beiðnina í sinu nafni, en beiðandi skal síðan sjá um birtingu hennar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, sem endurtekin sje þrisvar sinnum. Í stefnunni skal brjefið einkent svo sem nauðsynlegt og auðið er eftir atvikum, og sá eða þeir, sem lagatilkall kynnu að gera til þess, kvaddir til þess að sækja dómþingið og koma þar fram með mótmæli sín gegn ógilding skjalsins. Ákveða skal dómur og taka fram í stefnunni, hvaða dag dómþingið verði haldið, og má það ekki vera fyr en 12 vikum og ekki síðar en 1 ári eftir síðustu birtingu stefnunnar í Lögbirtingablaðinu. Þá skal það enn tekið fram berum orðum í stefnunni, að komi enginn fram með mótmæli, megi búast við því, að skjalið verði ógilt með dómi.

7. gr.

Nú kemur enginn með mótmæli á dómþingi því, sem til var tekið í stefnunni, og skal þá kveða upp ógildingardóm, nema dóminum þyki eitthvað í ógildingaraðferð sækjanda því til fyrirstöðu. Ef einhver kemur með mótmæli gegn ógilding, þá sker dómurinn úr því, hvort ógilda skuli skjalið eða ekki.

8. gr.

Ógildingardómi verður því að eins átrýjað, að mótmæli hafi komið fram gegn ógilding fyrir hjeraðsdómi, eða vegna galla á aðferð þeirri, sem höfð hefir verið við ógildinguna, eða vegna þess, að tilfelli það, sem um er að ræða, sje ekki ógildingarhæft.

9. gr.

Ógildingardómur um viðskiftabrjef tekur og til vaxta- og arðmiða, sem fylgdu brjefinu.

Ákvæði 172. gr. sigl.l. nr. 56, 30. nóv. 1914, um afhending og sölu á vör-um samkvæmt farmskirteini, standa óhöggud. Sömuleiðis 74. gr. vixillaganna 13. jan. 1882 og 13. gr. 2. mgr. tjekklaganna 8. nóvbr. 1901.

10. gr.

Hin sjerstaka ógilding samkvæmt ts. 5. jan. 1874 1°, l. 18. septbr. 1885, 10. gr., og l. 10. febr. 1888 6. gr. a og 21. gr. b skal eftirleiðis sem að undanfögnu vera heimil. Sömuleiðis ógilding á nafnskráðum bankavaxtabrjefum veðdeildar Landsbankans samkvæmt l. nr. 27, 20. okt. 1905, 10. gr., l. nr. 13, 9. júlí 1909, 10. gr., og l. nr. 51, 10. nóv. 1913, 18. gr. Ennfremur um nafnskráð bankavaxtabrjef Ís-

landsbanka samkvæmt l. nr. 51, 10. nóv. 1905, 5. gr., og um vaxtabrjef lánsdeildar Fiskiveiðasjóðsins samkvæmt l. nr. 29, 16. nóv. 1907, 10. gr. Loks heldur 20. gr. l. nr. 14, 20. okt. 1905, gildi sínu.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916. Þau taka ekki til þeirra ógildingarmála, sem leyfisbrjef er veitt til fyrir þann dag.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með auknu og margbrotnara viðskiftalífi verður þörfin á heimild til þess að ónýta glötuð skuldabryf og önnur brjef, sem á líkan hátt ganga í viðskiftum manna á milli, svo og ýms heimildarskjöl önnur (Legifimationspaprir), stöðugt rikari. Lögreglustjórum og stjórnarráðinu berast nú stöðugt umsóknir um leyfisbrjef til þess að fá ógildingardóm á ýmsum viðskiftabryfum. Í núgildandi lögum er hinsvegar ekki vafalaus heimild til þess að veita slík leyfisbrjef, nema um *veðskuldabryf* sje að ræða, *vixla*, *tjekka*, *farmskirteini* eða *opinber peningaskjöl*, auk *sparisjóðsbóka* og *bankavaxtabryfa* í vissum tilfellum. Um önnur brjef, sjerstaklega skuldabryf, sem ekki er veð fyrir, hlutabryf, lífsábyrgðarskirteini o. fl., er engin bein ógildingaheimild í núgildandi lögum, og mjög vafasamt, hvort slík heimild verður leidd út úr gildandi lögum. Stjórnarráðinu hefir þó virst rjett að veita leyfisbrjef til slíkra ógildingardóma, þá er sótt hefir verið um þau, og ástæður allar mæltu sjerstaklega með því, og hefir skotið því til dómstólanna, hvort ógilding væri heimil eftir gildandi lögum. Um eitt slíkt brjef er nú genginn dómur í þá átt, að *neitað er um ógildingu*. Annað brjef er undir dómi, og má búast við, að það fari á sömu leið.

Jafnframt er þess að gæta, að þeim lögum, sem nú gilda um ógildingaradferðina, er í ýmsum efnum ábótavant. Eftir þeim liggur það undir úrskurð lögreglustjóra — eða stjórnarráðs eftir atvikum —, hvort leyfisbrjef skuli veitt eða ekki, en eftir eðli sínu eiga ógildingarmál að öllu leyti undir dómstólana. Auk þess brestur skýr ákvæði um ýms atriði ógildingarmála og um þýðingu ógildingardóma.

Stjórnarráðinu þykir því ekki mega biða lengur, að sett verði skýr og nokkuð rækileg lög um ógildingardóma, og þykir rjett að leggja þar til grundvallar ný lög, sem sett hafa verið um það efni í Danmörku, en það eru §§ 459—468 í Lov om Rettens Pleje 26. mars 1909, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru vegna íslensks rjettar og staðháttar.

Við 1. gr.

Ógilding þarf að vera heimil um öll þau skjöl, sem lúta meginreglunni í 2. gr. ts. 9. febr. 1798, 7. gr., l. nr. 18, 4. nóv. 1887, o. fl. Helst þessara brjefa eru

skuldabréf, en auk þeirra eru lífsábyrgðarskírteini, farmskírteini, hlutabréf o. fl. bréf, sem ganga í viðskiftum manna á meðal líkt og skuldabréf, og má því nefna þau »viðskiftabréf«. Að öðru leyti verður það að liggja undir úrskurð dómstólanna með tilliti til meginreglna laga, hver bréf teljast viðskiftabréf á hverjum stað og tíma. En auk »viðskiftabréfanna« svonefndu, eru ýms önnur skjöl, svo sem váttryggingarskírteini alment, hlutabréf, margs konar viðtökuskírteini o. s. frv., er menn geta þarfnast ógildardóms á, og hefir því þótt rjett að veita einnig heimild til ógildingar slíkra skjala. Greinin er annars í samræmi við það, sem talið er gildandi lög, en samsvarandi grein er ekki í Rpl. («Retsplejeloven«).

Við 2.—8. gr.

Þessar greinar eru í samræmi við §§ 459—465 í Rpl. með þeim breytingum, sem nauðsynlegar þykja vegna íslenskra laga.

Við 9.—10. gr.

Hjer eru talin upp þau sjerstöku ákvæði, sem sett hafa verið hjer á landi um ógildingardóma í vissum tilfellum, og er ætlast til að þau haldi gildi sínu án tillits til þessara laga.

Við 11. gr.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, falla auðvitað úr gildi eldri almenn ákvæði um ógildingardóma, sem eru í kg.úrsk. 12. sept. 1864 1 c, dómsmálastj.br. 30. sept. 1864 og ts. nr. 12, 23. ág. 1904 I 1 j 4, en óþarfi virðist að taka það fram sjerstaklega.
